

# STEFNUMÓT TVEGGJA TÍMA

## Að sleppa báðum fótum úr fjörunni 1800 - 1900

Íslendingar horfðu um aldir á erlenda fiskimenn stunda veiðar á þilskipum á miðunum kringum landið. Sjálfir tóku þeir ekki skrefið frá árabátum í skútur fyrr en á 19. öld. Vestfirðingar voru í forystu þilskipaútgerðar. Flest skipin voru gerð út af kaupmönnum, sem réðu yfir fjármagni og stunduðu jafnframt saltfiskvinnslu, inn- og útflutning. Þilskipin stunduðu bæði hákarlaveiðar og þorskveiðar á handfæri. Hver veiðiferð gat tekið upp í nokkrar vikur. Þorskurinn var flattur og saltaður um borð, líkt og síðar var gert um borð í togurum. Með útgerð þilskipa safnaðist upp auðmagn í landinu og grundvöllur skapaðist fyrir þéttbýli á verslunarstöðum. Þilskipaútgerðin var fyrirrennari togaraútgerðar.



 Byggðasafn  
Vestfjarða  
Westfjords Heritage Museum

Byggðasafn Vestfjarða 2012

Texti: Sigurður Pétursson

Ensk þýðing: Paul Richardson

Þýsk þýðing: Angela Schamberger

Hönnun: Byggðasafn Vestfjarða

Ljósmyndir: Ljósmyndasafnið á Ísafirði,

Ljósmyndasafn Íslands, Halldór Sveinbjörnsson.